

Kennsluáætlun

Viðfangsefni:

Fjallað er um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt. Áhersla er lögð á þjálfun í útreikningum þar sem telja má að kunnáttan hafi almennt hagnýtt gildi. Fjallað er um helstu tegundir verðbréfa og meginatriði sem varða mat á fjárfestingavalkostum.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum er varða fjármál einstaklinga, s.s. mismunandi vaxtahugtök, verðtryggingu, verðbólgu o.fl.
- mismunandi tegundum skuldabréfa
- mismunandi formum lána sem einstaklingum bjóðast
- helstu tegundum markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- helstu sparnaðarleiðum sem einstaklingum bjóðast

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna vaxtaupphæð, framtíðarvirði, núvirði og vaxtaþrósentu
- reikna verðbólgu
- meta skuldabréf
- reikna vísitölur
- nýta netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- finna hagkvæmustu frjárfestingavalkosti með hjálp núvirðisreikninga
- finna hagkvæmustu sparnaðarleiðir fyrir einstaklinga

Kennsluhættir:

Kennslan tekur mið að aðferðafræði leiðsagnarmats (e. *Formative Assessment*)

Kennslugögn:

Efni hjá kennara.

Námsmat:

Fjögur lotupróf verða lögð fyrir á önninni sem gilda hvert $\frac{1}{4}$ af námsmati.

Sérreglur áfangans:

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali úr hlutum námsmats til að standast áfangann. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna veikinda eða leyfa frá skóla (V, W eða L í kladda) gefst kostur á að taka sjúkrapróf í lok annar. Engar undanþágur eru veittar frá þessari reglu. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Með fyrirvara um breytingar á önninni.

Kennari: Þórey Hilmarsdóttir tho@fsu.is